

Re: Beiðni um umsögn - Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag Eldfells

Búið til	21.4.2023 16:26:56
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.4.2023 16:26:54
Tilheyrir	202303-0046 - Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag Eldfells - ósk um umsögn

Efni

Re: Beiðni um umsögn - Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag Eldfells

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	21.4.2023 16:26:54	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	dagny@vestmannaeyjar.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is, eydis.l.finnbogadottir@ni.is, Ingvar.A.Sigurdsson@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202303-0046 (SS, IAS).

Vísað er í tölvubréf frá skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar, dags. 20. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Eldfell vegna uppsetningar minnisvarða um Heimayjargosið.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um vinnslutillögu fyrir aðalskipulagsbreytinguna þann 4. janúar 2023 og um vinnslutillögu deiliskipulagsins þann 16. febrúar 2023. Nokkrar breytingar hafa átt sér stað á tillögunni síðan þá. Byggingarreiturinn fyrir minnismerkið stækkar aðeins og þá er aðalbílastæðið fært nær minnisvarðanum þangað sem áður var fyrirhugað minna bílastæði hreyfihamlaða. Þar er nú gosmöl sem komin er á kaf í lúpínu og því lítt verðmætt svæði en hugsanlega verður smávægilegt rask á hrauni við jarðana. Að öðru leyti er þessi færsla á bílastæðinu til bóta að mati Náttúrufræðistofnunar.

Meginatriði fyrri umsagna Náttúrufræðistofnunar eiga enn við þ.e.að þegar kemur að Eldfelli og nágrenni þurfi að huga sérstaklega að því að lágmarka allt rask á eldhrauni og gígum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum um náttúruvernd. Í greinargerð tillögunnar kemur fram að stefnt sé mjög að varfærni við

hönnun og framkvæmd minnisvarða og hringstígs upp á Eldfell sem er vel, en Náttúrufræðistofnun telur engu að síður að áformaður göngustígur upp á Eldfell sé af þeim toga að það gæti reynst mjög áberandi mannvirki sem muni breyta náttúrulegri ásýnd gígsins og mögulega valda raski á honum t.d. þar sem hann er hvað brattastur. Allt rask sem framkvæmdin gæti valdið er líklegt til að vera óafturkræft. Að öðrum stígum sé mörgum lokað og þeir afmáðir er aftur á móti mjög jákvætt sem og að sporna eigi við ágangi framandi plöntutegunda.

Virðingarfyllst og góða helgi,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Dagný Hauksdóttir" <dagny@vestmannaeyjar.is>

To:

CC:

Subject: Beiðni um umsögn - Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag Eldfells

Date: 20.3.2023 11:07:22

Góðan dag,

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti þann 23. febrúar 2023 að auglýsa tillögu að breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Eldfell vegna uppsetningar minnisvarða í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargossins. Gögnin eru auglýst skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Með tillögu að fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir uppsetningu minnisvarða og gerð grein fyrir staðsetningu hans á Óbyggðu svæði ÓB-3. Einnig er gert ráð fyrir nýjum gönguleiðum og útsýnisstöðum á Hverfisvernduðu svæði HV-9. Deiliskipulagið gerir grein fyrir byggingareit minnisvarðans, aðkomu gangandi og keyrandi vegfaranda og bílastæða. Einnig er gerð grein fyrir nýrri gönguleið á Eldfell sem skapar sjónrænt samspil við minnisvarðann sjálfan. Við uppsetningu nýrrar gönguleiðar verður lokað fyrir aðrar gönguleiðir og slóða. Auk þess er gert ráð fyrir takmörkun umferðar ökutækja á svæðinu.

Frá tillögu deiliskipulags á vinnslustigi hefur stígur sem fyrirhugaður er við Eldfell verið færður til vesturs, þannig að stígurinn liggur ekki yfir mosa vaxið hraun heldur til hliðar við hraunið að mestu leiti eftir göngustíg sem fyrir er.

Meginmarkmið uppsetningarinnar í heild er að skapa sjónarhorn og sýn á stórbrotna náttúruna, þar sem lögð verður áhersla á samspil gönguleiða og náttúrumynda.

Breytingin styður við meginmarkmið Aðalskipulags Vestmannaeyja um að sérkenni Vestmannaeyja, sem eru þeirra aðdráttarafli verði styrkt með því að draga enn frekar fram sérstöðu eyjanna í uppbyggingu aðstöðu, þróun afþreyingar og markaðssetningar auk þess að náttúruvernd verði í hávegum höfð.

Skipulagsgögn liggja í afgreiðslu Ráðhúss Vestmannaeyja, að Kirkjuvegi 50 frá og með 14. mars til 24. apríl 2023 og á skipulagsvefsjá á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar vil ég óska eftir umsögn við fyrirhuguðum skipulagsáætlunum á vinnslustigi. Þar sem skipulagsgögnin hafa nokkuð hátt gagnamagn er umsagnaraðilum ráðlagt að nálgast þau á skipulagsvefsjá Vestmannaeyjabæjar: <https://www.vestmannaeyjar.is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu/skipulagsmal-i-kynningarferli> (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.vestmannaeyjar.is%2Fthjonusta%2Fskipulag%2Fskipulag-i-kynningu%2Fskipulagsmal-i->

kynningarferli&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C8a5aa3570c4d4f0e507908db293345f0%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638149072428246268%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoimC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=bjceDwRnuSQ%2B%2BNFF%2FVDqBpv1%2FJEZ7FuzFuM%2Fdr1Wim4%3D&reserved=0).

Umsagnir og ábendingar berist skriflega til og með **24. apríl 2023** á netfangið dagny@vestmannaeyjar.is (<mailto:dagny@vestmannaeyjar.is>).

Kær kveðja,

Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Vestmannaeyjabær

S 488 2530

Netfang: dagny@vestmannaeyjar.is (<mailto:dagny@vestmannaeyjar.is>)

www.vestmannaeyjar.is (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.vestmannaeyjar.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C8a5aa3570c4d4f0e507908db293345f0%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638149072428246268%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoimC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=0UliuQN6xkS32spag2XBhw6ltgtP7ouuY4%2BkMc%2F8qh8%3D&reserved=0>)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 (<http://www.althingi.is/altxt/stjt/1999.107.html>)

(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.althingi.is%2Faltxt%2Fstjt%2F1999.107.html&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C8a5aa3570c4d4f0e507908db293345f0%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638149072428246268%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoimC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=t2QCZKyHm78dbSyWdBdm176sGsKZEF6BUJ8IxbDrDKI%3D&reserved=0>)

) og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist yður. This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.